almannaheill
samtök þriðja geirans

4. stjórnarfundur Almannaheilla

haldinn 5. september 2018 kl.09:00 – 11:00 í Sigtúni 42

Mætt eru: Ásdís Eva Hannesdóttir (ÁEH), Erna Arngrímsdóttir (EA), Erna Reynisdóttir (ER), Guðlaug B. Guðjónsdóttir (GBG), Hildur Helga Gísladóttir (HHG), Jónas Guðmundsson (JG), Ketill Berg Magnússon (KBM), Ragnheiður Sigurðardóttir (RS), og Þóra Þórarinsdóttir (ÞÞ).

Forföll boðuðu: Árni Einarsson (ÁE), Guðrún Helga Bjarnadóttir (GHB), Steinunn Hrafnsdóttir (SH) og Vilhjálmur Bjarnason (VB).

1. **Fundur settur kl. 09:00**

2. **Afgreiðslumál**

- **Lýsa**

Fjárstuðningur til tveggja ára er tryggður frá Velferðarráðuneytinu fyrir hátíðinni.

Fjárframlag Almannaheilla, styrkur fyrir þátttöku. Fimm umsóknir bárust og samþykkt að veita öllum félögunum 33.000kr. styrk.

Fyrir næsta ár skýra orðið *þátttaka* betur á umsóknarformi. Veittir verða styrkir til þeirra félaga sem halda og standa fyrir viðburði á hátíðinni.

Námskeið fyrir stjórnir Almannaheilla. Skráning er góð á námskeiðið. Efnt verður til námskeiðsins í Reykjavík 26. september kl. 16:30 í Ögurhvarfi 6.

- **Ábendingar til siðanefndar**

Málið er enn í vinnslu. Stjórn sendir ósk til vinnuhópsins (GHB, ER og VB) að skila inn tillögum til stjórnar á næsta fundi.
Endurskoðun á siðareglum og persónuvernd. Málið er enn í vinnslu. ER, GHB og KMB skipa vinnuhóp um verkefnið.

- **Staða málefnahópa**

Formenn hópanna gerðu grein fyrir verkefnum hópanna.

3. **Um frumvarp til laga um félagasamtök til almannaheilla**

- Frumvarpið rætt og krufið

Slóð á frumvarpið Slóð á grein frá formanni um frumvarpið

4. Önnur mál

Ósk frá BIEN Ísland um aðild að Almannaheillum. ER gerði grein fyrir umsókninni. Málinu er frestað til næsta fundar.

Afmælishátíð Almannaheilla 7. nóvember nk. Stjórn samþykkti fyrirliggjandi skjöl sem send voru út í tölvupósti til stjórnar vegna undirbúnings hátíðarinnar.

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 3. október kl. 09:00 í Sigtúni 42.

RS ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 11:10.